

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag lóðar fyrir íbúðarhús og frístundahús úr landi Áshóls.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir íbúðarhúsi og frístundahúsi á 20.700 m² lóð úr landi Áshóls. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,05 sem samsvarar 1.035 m² af byggingum. Aðkoma verður um núverandi veg að Riddaragarði.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. október 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. maí 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.